

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2017, fimmtudaginn 15. júní, var haldinn 138. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á Laugavegi 77 og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru: Svafar Helgason sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson, Kári Sölmundarson og Jón Ingi Gíslason áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Benóný Ægisson fulltrúi Íbúasamtaka Miðborgar, Magdalena Kjartansdóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Lagt fram bréf frá USK, dagsett 31.05.2017. Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting vegna borgarlínu.

Haraldur Sigurðsson frá umhverfis- og skipulagssviði tekur sæti á fundinum undir þessum lið og fer yfir skipulag borgarlínunnar.
2. Lagt fram svar frá umhverfis- og skipulagssviði, dagsett 29.05.2017, við fyrirspurn hverfisráðs vegna gönguþveranna á Hverfisgötu.
3. Lagðar fram tillögur umhverfis- og skipulagssviðs (USK) vegna verkefnisins „hverfið mitt“. Hverfisráðið stillti upp þeim hugmyndum sem það vill sjá að fari í kosningar í haust n.k. Jafnframt óskar hverfisráðið eftir því að fá að vera í samstarfi við USK áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir.

Fundi slitið kl. 12.47

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson

Kári Sölmundarson